

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1/2003
frá 16. desember 2002
um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans
(Texti sem varðar EES)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Beita skal 81. og 82. gr. sáttmálans á skilvirkan og samræmdan hátt í Bandalaginu til að unnt sé að koma á kerfi sem tryggir að samkeppni á sameiginlega markaðnum raskist ekki. Í reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962, fyrstu reglugerðinni um framkvæmd 81. og 82. gr. ⁽⁴⁾ sáttmálans ⁽⁵⁾, var stefna Bandalagsins í samkeppnismálum mótuð og hefur hún stuðlað að því að samkeppni hefur breiðst út innan Bandalagsins. Í ljósi reynslunnar er þó rétt að í stað þeirrar reglugerðar komi lög-gjöf sem er ætlað að taka á þeim verkefnum sem fylgja samþættingu markaði og stækkun Bandalagsins í framtíðinni.
- 2) Einkum er nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag á beitingu undanþágunnar frá banni við samkeppnishamlandi samningum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 83. gr. sáttmálans verður í þessu tilliti að hafa annars vegar hliðsjón af þörfinni á að tryggja skilvirkt eftirlit og hins vegar að einfalda stjórnáætlun eins og kostur er.
- 3) Miðlæga kerfið, sem var komið á fót með reglugerð nr. 17, getur ekki lengur tryggt að þessi tvö markmið haldist í jafnvægi. Það hamlar því að dómstólar og yfirlit samkeppnismála í aðildarríkjunum geti beitt samkeppnisreglum Bandalagsins og einnig kemur tilkynningakerfi þess í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti nýtt fjármagn og mannafla til að koma í veg fyrir alvarlegustu brotin. Enn fremur hefur það í för með sér verulegan kostnað fyrir fyrirtækin.
- 4) Af þessum sökum er rétt að í stað núverandi kerfis komi undanþágukerfi, sem gildir án frekari lögfestingar, þar sem samkeppnisyfirlit og dómstólar í aðildarríkjunum hafa vald til að beita, auk 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans sem gilda án frekari lögfestingar á grundvelli dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópubandalaganna, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 284.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 305.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 155, 29.5.2001, bls. 73.

⁽⁴⁾ Fyrirsögn reglugerðar nr. 17 hefur verið breytt með tilliti til endurtölusætningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvisunin var í 85. og 86. gr. sáttmálans.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB 13, 21.2.1962, bls. 204/62. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1216/1999 (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5).

- 5) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnisreglna Bandalagsins og virða á sama tíma grundvallarréttinn til málsvarnar eru í þessari reglugerð settar reglur um sönnunarbyrði skv. 81. og 82. gr. sáttmálans. Það er aðilans eða yfirvaldsins, sem telur að ákvæði 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans hafi verið brotin, að færa sönnur á það samkvæmt gildandi lagareglum. Það er fyrirtækisins eða samtaka fyrirtækjanna, sem taka til málsvarnar vegna fullyrðingar um brot, að sýna fram á það samkvæmt gildandi lagareglum að skilyrðum fyrir slíkri málsvörn hafi verið fullnægt. Þessi reglugerð hefur hvorki áhrif á innlendar reglur um vægi sannana né þá skyldu samkeppnis-yfirvalda og dómstóla í aðildarríkjunum að upplýsa málsatvik, að því tilskildu að þessar reglur og skyldur samrýmist almennum meginreglum réttarreglna Bandalagsins.
- 6) Til að tryggja skilvirka beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins er rétt að samkeppnisyrfvöld í aðildarríkjunum komi enn frekar inn í beitingu þeirra. Í þessu skyni er rétt að þau fái vald til þess að beita lögum Bandalagsins.
- 7) Innlendir dómstólar hafa veigamiklu hlutverki að gegna við beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins. Þeir vernda borgaraleg réttindi samkvæmt lögum Bandalagsins í deilumálum milli einstaklinga, t.d. dæma bætur til handa þeim sem brotið er á. Innlendir dómstólar koma hér til viðbótar við störf samkeppnisyrfirvalda í aðildarríkjunum. Því ætti þeim að vera heimilt að beita 81. og 82. gr. sáttmálans að fullu.
- 8) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnislaga Bandalagsins og eðlilega framkvæmd á því samstarfsfyrirkomulagi, sem lýst er í þessari reglugerð, er nauðsynlegt að skylda samkeppnisyrfvöld og dómstóla í aðildarríkjunum til að beita einnig 81. og 82. gr. sáttmálans þegar þau beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samningum og venjum sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Til að skapa samningum, ákvörðunum samtaka fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sambærileg skilyrði á innri markaðnum er enn fremur nauðsynlegt að ákvarða, skv. e-lið 2. mgr. 83. gr. sáttmálans, hvernig tengslum milli landslaga og samkeppnislaga Bandalagsins skuli háttáð. Nauðsynlegt er, í þessu skyni, að kveða á um að beiting innlendra samkeppnislaga gagnvart samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum, í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, megi ekki leiða til þess að bann sé lagt við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum ef slíkt hið sama er ekki bannað samkvæmt samkeppnislögum Bandalagsins. Hugtökin samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir eru sjálfstæð hugtök í samkeppnislögum Bandalagsins sem fjalla um samræmingu á atferli fyrirtækja á markaðnum samkvæmt túlkun dómstóla Bandalagsins. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir aðildarríkin geti samþykkt og beitt á eigin yfirráðasvæði strangari landslögum sem banna eða leggja viðurlög við einhliða framferði fyrirtækja. Í strangari landslögum af þessu tagi geta verið ákvæði sem leggja bann eða viðurlög við misnotkun á fyrirtækjum sem eru efnahagslega háð öðrum. Þessi reglugerð á heldur ekki við um landslög þar sem einstaklingar eru látin sæta refsiviðurlögum, nema að því marki sem framkvæmd samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum byggist á slíkum viðurlögum.
- 9) Markmiðið með 81. og 82. gr. sáttmálans er að vernda samkeppni á markaðnum. Þessi reglugerð, sem var samþykkt til framkvæmdar á þessum ákvæðum sáttmálans, kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti á eigin yfirráðasvæði innlendra löggjöf sem verndar aðra lögmæta hagsmuni, að því tilskildu að löggjöfin samrýmist almennum meginreglum og öðrum réttarreglum Bandalagsins. Samkeppnisyrfvöldum og dómstólum í aðildarríkjunum er heimilt að beita slíkri löggjöf á eigin yfirráðasvæði, að því tilskildu að innlend löggjöf af þessu tagi hafi í meginatriðum annað markmið en það að vernda samkeppni á markaðnum. Þar af leiðandi er aðildarríkjunum heimilt, samkvæmt þessari reglugerð, að láta innlenda löggjöf, sem bannar eða setur viðurlög við óheiðarlegum viðskiptaháttum, hvort heldur er einhliða eða með samningum, koma til framkvæmda á yfirráðasvæði sínu. Slík löggjöf hefur tiltekið markmið, óháð því hver raunveruleg eða ætluð áhrif óheiðarlegra viðskiptahátta verða á samkeppni á markaðnum. Þetta á einkum við þegar um er að ræða löggjöf sem bannar fyrirtækjum að setja viðskiptaaðilum sínum skilyrði eða fá þá, eða gera tilraun til að fá þá, til að samþykka skilyrði sem teljast óréttmæt, ekki í samræmi við aðstæður eða án móttframlags.

- 10) Með reglugerðum á borð við 19/65/EBE ⁽¹⁾, (EBE) nr. 2821/71 ⁽²⁾, (EBE) nr. 3976/87 ⁽³⁾, (EBE) nr. 1534/91 ⁽⁴⁾ eða (EBE) nr. 479/92 ⁽⁵⁾ er framkvæmdastjórninni fengið vald til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans að því er varðar tiltekna flokka samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða. Á þeim sviðum, sem eru skilgreind í þessum reglugerðum, hefur framkvæmdastjórnin samþykkt og er heimilt að samþykkja áfram svokallaðar hópundanþágu-reglugerðir þar sem hún lýsir því yfir að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans eigi ekki við um flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða. Ef samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem þessar reglugerðir eiga við um, hafa engu að síður áhrif sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr. sáttmálans skulu framkvæmdastjórnin og samkeppnisyrifvöld í aðildarríkjunum hafa vald til að fella ávinning af hópundanþágu-reglugerðinni niður í einstökum tilvikum.
- 11) Til að tryggja að ákvæðum sáttmálans sé beitt getur framkvæmdastjórnin fjallað um ákvarðanir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja í því skyni að stöðva brot á 81. og 82. gr. sáttmálans. Ef framkvæmdastjórnin hefur af því lögmetta hagsmuni er henni enn fremur heimilt að samþykkja ákvarðanir þar sem úrskurðað er að brot hafi áður átt sér stað jafnvel þótt það hafi engar sektir í för með sér. Í þessari reglugerð skal að auki skýrt kveðið á um vald það sem dómstóllinn hefur fengið framkvæmdastjórninni til að samþykkja ákvarðanir um tímabundnar ráðstafanir.
- 12) Í þessari reglugerð skal kveðið skýrt á um vald framkvæmdastjórnarinnar til að beita, í hlutfalli við framið brot, úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi sem nauðsynleg teljast til að stöðva brotið. Ekki skal beita úrræðum til breytingar á skipulagi nema fyrir hendi sé annað jafnrangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða ef það úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Breytingar á skipulagi fyrirtækis, eins og það var áður en brotið var framið, teljast því aðeins vera í réttu hlutfalli við brotið að veruleg hætta sé á að skipulag fyrirtækisins leiði af sér langvarandi eða endurtekin brot.
- 13) Ef fyrirtæki taka á sig skuldbindingar, á meðan málsmeðferð stendur yfir sem leitt getur til þess að samningar eða aðgerðir verði bannaðar, í þeim tilgangi að bregðast við efasemdum framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja ákvarðanir þess efnis að þær skuldbindingar séu bindandi fyrir fyrirtækin. Í ákvörðun um skuldbindingu skal koma fram að ekki sé lengur talinn grundvöllur til aðgerða af hálfu framkvæmdastjórnarinnar nema fyrir liggja niðurstaða um að brot hafi verið framið eða það standi enn yfir. Ákvarðanir um skuldbindingar eru með fyrirvara um vald samkeppnisyrifvalda og dómstóla í aðildarríkjunum til að komast að niðurstöðu og úrskurða í málinu. Ákvarðanir um skuldbindingar eiga ekki við þegar framkvæmdastjórnin hyggst beita sektum.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.) (Stjtið. EB 36, 6.3.1965, bls. 533). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.) (Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. sáttmálans) (Stjtið. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 frá 31. maí 1991 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. sáttmálans) (Stjtið. EB L 143, 7.6.1991, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans) (Stjtið. EB L 55, 29.2.1992, bls. 3). Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 14) Enn fremur gæti, í undantekningartilvikum, verið heppilegt að framkvæmdastjórnin samþykki ef almannahagsmunir í Bandalaginu krefjast þess, yfirlýsingu með skýringum, þar sem fram kemur að bannið í 81. eða 82. gr. sáttmálans eigi ekki við, í því skyni að skýra lagagrundvöllinn og tryggja samræmda beitingu réttarreglnanna alls staðar í Bandalaginu, einkum með tilliti til nýrra samninga eða aðgerða sem ekki hefur verið tekin afstaða til með dómaframkvæmd og stjórnýslluvenju.
- 15) Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skulu saman mynda net opinberra yfirvalda sem hafa náð samstarf um að beita samkeppnisreglum Bandalagsins. Í því skyni er nauðsynlegt að ákveða tilhögun á miðlun upplýsinga og samráði. Framkvæmdastjórnin mun mæla fyrir um og endurskoða aðrar aðferðir í samstarfi innan netsins í náinni samvinnu við aðildarríkin.
- 16) Þrátt fyrir að fyrir liggi innlend ákvæði um hið gagnstæða er aðilum að netinu heimilt að skiptast á upplýsingum, jafnvel trúnaðarupplýsingum, og nota þær sem sönnunargögn. Heimilt er að nota þessar upplýsingar við beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans, svo og við samhliða beitingu innlendra samkeppnislaga, að því tilskildu að síðarnefnda beitingin varði sama mál og leiði ekki til annarrar niðurstöðu. Ef yfirvaldið, sem fær upplýsingar, notar upplýsingar sem skipst er á til að beita fyrirtæki viðurlögum skulu ekki vera aðrar takmarkanir á notkun þeirra upplýsinga en að þær skuli einungis notaðar í sama tilgangi og lá að baki söfnun þeirra þar eð viðurlög á fyrirtæki eru sömu tegundar í öllum kerfum. Líta má svo á að réttur fyrirtækja til málsvarnar í hinum ýmsu kerfum sé nægilega líkur. Á hinn bóginn má vera að viðurlög á einstaklinga séu mjög mismunandi í hinum ýmsu kerfum. Sé þetta raunin er nauðsynlegt að tryggja að einungis sé heimilt að nota upplýsingarnar ef þeim hefur verið safnað á þann hátt að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og gert er ráð fyrir í innlendum lögum landsins sem fær upplýsingar.
- 17) Ef unnt á að vera að beita samkeppnisreglum með samræmdum hætti og gæta þess jafnframt að framkvæmd innan netsins sé eins góð og kostur er er nauðsynlegt að setja þá reglu að samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum missi sjálfkrafa umboð sitt ef framkvæmdastjórnin hefur eigin málsmeðferð. Ef samkeppnisyfirvöld í aðildarríki vinna þegar að máli en framkvæmdastjórnin vill hefja málsmeðferð skal hún gera það eins fljótt og auðið er. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutadeigandi innlent yfirvald áður en hún hefur málsmeðferð.
- 18) Til að tryggja að það yfirvald innan netsins, sem málið stendur næst, fjalli um það skal setja almennt ákvæði þar sem samkeppnisyfirvöldum er heimilað að fresta eða loka máli á þeirri forsendu að annað yfirvald fjalli eða hafi þegar fjallað um það, en markmiðið er að aðeins eitt yfirvald fjalli um hvert mál. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti vísað frá kæru á grundvelli þess að hún eigi þar ekki hagsmuna að gæta, líkt og viðurkennt hefur verið í dómaframkvæmd dómstólsins að henni sé heimilt að gera jafnvel þótt annað samkeppnisyfirvald hyggist ekki fjalla um málið.
- 19) Ráðgjafarnefndin um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu, sem komið var á fót með reglugerð nr. 17, hefur sinnt hlutverki sínu afar vel. Hún mun falla vel inn í hið nýja kerfi dreifstýrðrar beitingar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að byggja á þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 17 en bæta jafnframt skipulagið. Með þetta að markmiði mætti heimila að álit sé lagt fram með skriflegum hætti. Ráðgjafarnefndin skal enn fremur vera vettvangur umræðna um mál, sem samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum hafa til umfjöllunar, og stuðla þannig enn frekar að samræmdri beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.
- 20) Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum. Aðildarríkjunum skal heimilt að tilnefna einn viðbótarfulltrúa þegar fjallað er um almenn málefni á fundum. Þetta hefur ekki áhrif á að nefndarmenn geti notið aðstoðar annarra sérfræðinga frá aðildarríkjunum.

- 21) Til þess að unnt sé að beita samkeppnisreglunum með samræmdum hætti er nauðsynlegt að koma á samstarfi milli dómstóla í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnarinnar. Þetta tekur til allra dómstóla í aðildarríkjunum sem beita 81. og 82. gr. sáttmálans, hvort sem þeir beita þessum reglum í málaferlum milli einkaaðila, við störf sín sem opinberir fullnustuaðilar eða endurskoðunar-dómstólar. Einkum skulu innlendir dómstólar hafa tækifæri til að inna framkvæmdastjórnina eftir upplýsingum eða álitum á atriðum sem varða beitingu á samkeppnislögum Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirlöndin í aðildarríkjunum skulu enn fremur hafa tækifæri til að leggja fram skriflegar eða munnlegar athugasemdir fyrir þá dómstóla sem farið er fram á að beiti 81. eða 82. gr. sáttmálans. Þær athugasemdir skulu lagðar fram innan ramma innendra málsmeðferðarreglna og -venja, þ.m.t. þær sem eru til verndar réttindum aðila. Af þessum sökum skal gera ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirlöndin í aðildarríkjunum hafi nægar upplýsingar um málsmeðferð fyrir innendum dómstólum.
- 22) Til þess að tryggja að farið sé að meginreglunum um réttaröryggi og samræmda beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins í kerfi samhliða lögsögu (system of parallel powers) er nauðsynlegt að forðast að samþykkja þversagnarkenndar ákvarðanir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skýra, í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins, hvaða áhrif ákvarðanir og málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar hafa á dómstóla og samkeppnisyfirlöndin í aðildarríkjunum. Ákvarðanir um skuldbindingar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, hafa ekki áhrif á vald dómstólanna og samkeppnisyfirlöndin í aðildarríkjunum til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans.
- 23) Framkvæmdastjórnin skal hvarvetna í Bandalaginu hafa vald til að fara fram á upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að grafast fyrir um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir, sem eru bannaðar skv. 81. gr. sáttmálans, eða misnotkun á yfirburðastöðu sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans. Þegar fyrirtæki hlíta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er ekki hægt að skylda þau til að viðurkenna að brot hafi verið framið en þó er þeim skylt að svara spurningum um staðreyndir og leggja fram skjöl jafnvel þótt þær upplýsingar megi nota til sönnunar á broti þeirra sjálfra eða annarra fyrirtækja.
- 24) Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að láta gera athugasemdir sem nauðsynlegar teljast til að grafast fyrir um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem eru bannaðar skv. 81. gr. sáttmálans eða misnotkun á yfirburðastöðu sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans. Samkeppnisyfirlöndin í aðildarríkjunum skulu hafa náð samstarf við framkvæmdastjórnina um beitingu þessa valds.
- 25) Sifelltt erfiðara verður að greina brot á samkeppnisreglum og er nauðsynlegt að veita framkvæmdastjórninni aukid vald til rannsókna í því skyni að veita samkeppni raunverulega vernd. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi vald til að ræða við hvern þann sem gæti búið yfir gagnlegum upplýsingum og skrá framburð hans. Við athugun skulu embættismenn með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til innsigunar svo lengi sem þurfa þykir vegna athugunarinnar. Alla jafna skal ekki innsiglað lengur en í 72 klukkustundir. Enn fremur skulu embættismenn með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til að óska eftir upplýsingum um efni og tilgang athugunarinnar.
- 26) Reynslan sýnir að í sumum tilvikum eru viðskiptagögn geymd á heimilum stjórnenda eða annarra starfsmanna fyrirtækis. Af þessum sökum og til þess að athugasemdir skili árangri skulu embættismenn og aðrir með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til að fara inn á hvert það athafnasvæði þar sem viðskiptagögn gætu fundist, þ.m.t. inn á einkaheimili. Þó er beiting síðastnefnda valdsins háð því að fyrir liggja heimild dómsmálayfirvalda.
- 27) Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstólsins er rétt að tiltaka hversu langt eftirlit innendra dómsmálayfirvalda megi ganga þegar þau heimila, eins og mælt er fyrir um í landslögum, einnig sem varúðarráðstöðfun, aðstoð löggæsluyfirvalda við að brjóta á bak aftur hugsanlega andstöðu fyrirtækis eða við að framfylgja ákvörðun um athugun sem fram fer í húsnæði, öðru en atvinnuhúsnæði. Samkvæmt dómaframkvæmd er innendum dómsmálayfirvöldum heimilt að biðja framkvæmdastjórnina um nánari upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirliti sínu en án þeirra gætu þau synjað um heimildina. Í dómaframkvæmd er enn fremur staðfest vald innendra dómstóla til að stjórna beitingu innendra reglna um framkvæmd þvingunarráðstafana.

- 28) Gera skal samkeppnisyrivöldum í aðildarríkjunum kleift að leita aðstoðar annarra samkeppnisyrivalda við framkvæmd athugana og aðra gagnöflun í því skyni að auka möguleika þeirra á að beita 81. og 82. gr. sáttmálans með skilvirkum hætti.
- 29) Fara skal að 81. og 82. gr. sáttmálans og uppfylla skuldbindingar, sem fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja ber að efna samkvæmt þessari reglugerð, að viðlögðum sektum og févítum. Enn fremur skal mæla fyrir um hæfilegar sektir við broti á málsmeðferðarreglunum.
- 30) Til að tryggja fullnaðargreiðslu sekta, sem eru lagðar á samtök fyrirtækja fyrir brot þeirra, er nauðsynlegt að mæla fyrir um með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórninni er heimilt að krefjast greiðslu frá aðilum samtakanna ef þau eru ekki gjaldhæf. Framkvæmdastjórnin skal, ef til þessa kemur, taka tillit til hlutfallslegrar stærðar þeirra fyrirtækja sem eru í samtökunum og þá einkum til aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sektargreiðsla eins eða fleiri aðila að samtökum hefur engin áhrif á reglur í landslögum sem kveða á um endurheimt fjárhæðarinnar frá öðrum aðilum að samtökunum.
- 31) Mælt er fyrir um reglur um fyrningarfresti að því er varðar sektir og féviti í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 (*) sem fjallar einnig um viðurlög á sviði flutningastarfsemi. Í kerfi samhliða lögsögu skulu í réttarreglum, sem leitt geta til rofs á fyrningarfresti, vera ráðstafanir tengdar málsmeðferð sem samkeppnisyrivöld í aðildarríki gera sjálfstætt. Til að skýra lagarammann er því rétt að reglugerð (EBE) nr. 2988/74 verði breytt þannig að ekki verði unnt að beita henni í málum sem falla undir þessa reglugerð og í þessari reglugerð skulu vera ákvæði um fyrningarfresti.
- 32) Hlutaðeigandi fyrirtæki skulu því öðlast rétt til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni. Þriðju aðilar, sem hafa hagsmuna að gæta sem ákvörðunin gæti haft áhrif á, skulu fá tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar fyrir fram og skulu ákvarðanirnar birtar sem víðast. Jafnframt því að tryggja rétt hlutaðeigandi fyrirtækja til málsvarnar, og þá einkum rétt til aðgangs að málsskjölum, er grundvallaratriði að virða viðskiptaleynd. Með sama hætti skal gæta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem skipst er á um netið.
- 33) Þar sem dómstólnum er heimilt, í samræmi við sáttmálann, að endurskoða allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari reglugerð er rétt að hann fái, í samræmi við 229. gr., ótakmarkaða lögsögu að því er varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um álagningu sekta eða févita.
- 34) Í meginreglunum, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans, eins og þeim er beitt samkvæmt reglugerð nr. 17, er stofnunum framkvæmdastjórnarinnar fengið forystuhlutverk. Rétt er að það haldist óbreytt en aðildarríkjunum þó á sama tíma fengið veigameira hlutverk við beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins. Í samræmi við dreifraðis- og meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði sem er skilvirkari beiting samkeppnisreglna Bandalagsins.
- 35) Til þess að samkeppnislög Bandalagsins komi til framkvæmda með fullnægjandi hætti skulu aðildarríkin tilnefna yrivöld og fá þeim vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans sem opinberir fullnustuaðilar. Þeim skal gert kleift að tilnefna jafnt stjórnsluyfirvöld sem dómsmálayfirvöld til þess að gegna margvíslegum störfum sem samkeppnisyrivöldum er ætlað að hafa með höndum með þessari reglugerð. Í þessari reglugerð er tekið tillit til þess hve mismunandi opinber fullnustukerfi aðildarríkjanna eru. Ákvæði 6. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar skulu ná til allra samkeppnisyrivalda. Undantekningin frá þessari almennu reglu er að 6. mgr. 11. gr. gildir um saksóknara sem sækir mál fyrir sérstöku og aðskildu dómsmálayfirvaldi með fyrirvara um skilyrði 4. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt gildir almenna reglan. Ákvæði 6. mgr. 11. gr. gilda aldrei um dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar.

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrningarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni (Stjtið. EB L 319, 29.11.1974, bls. 1).

- 36) Af dómafrákvæmd er ljóst að samkeppnisreglur gilda um flutninga og því fellur sá geiri undir málsmeðferðarákvæði þessarar reglugerðar. Af þessum sökum er rétt að fella úr gildi reglugerð ráðsins nr. 141 frá 26. nóvember 1962 um að undanþiggja flutninga frá beitingu reglugerðar ráðsins nr. 17 ⁽¹⁾ og breyta reglugerðum (EBE) nr. 1017/68 ⁽²⁾, (EBE) nr. 4056/86 ⁽³⁾ og (EBE) nr. 3975/87 ⁽⁴⁾ í því skyni að fella niður sérstök málsmeðferðarákvæði sem í þeim eru.
- 37) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru m.a. viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.
- 38) Réttaröryggi fyrirtækja, sem starfa samkvæmt samkeppnisreglum Bandalagsins, stuðlar að nýjungum og fjárfestingum. Komi upp verulega óvissa vegna þess að beiting þessara reglna vekur nýjar spurningar sem engin svör fást við er einstökum fyrirtækjum heimilt að óska eftir óformlegri leiðsögn framkvæmdastjórnarinnar. Reglugerð þessi er með fyrirvara um getu framkvæmdastjórnarinnar til að gefa út óformlegar leiðbeiningar af þessu tagi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR

1. gr.

Beiting 81. og 82. gr. sáttmálans

1. Lagt er bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans og uppfylla ekki skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.
2. Ekki er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans og uppfylla skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.
3. Lagt er bann við misnotkun á yfirburðastöðu, sem um getur í 82. gr. sáttmálans, án sérstakrar ákvörðunar um það.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 124, 28.11.1962, bls. 2751/62. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð nr. 1002/67/EBE (Stjtið. EB 306, 16.12.1967, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. EB L 175, 23.7.1968, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 um beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Fyrirsögnun reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 85. og 86. gr. sáttmálans.) (Stjtið. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtið. EB L 374, 31.12.1987, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 18).

2. gr.

Sönnunarbyrði

Við málsmeðferð á innlendum vettvangi eða á vettvangi Bandalagsins til beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans skal sönnunarbyrði vegna brots á 1. mgr. 81. gr. eða 82. gr. sáttmálans hvíla á þeim aðila eða því yfirvaldi sem telur að brot hafi átt sér stað. Sönnunarbyrði um að skilyrðum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans hafi verið fullnægt hvílir á því fyrirtæki eða þeim samtökum fyrirtækja sem hafa ávinning af þeirri málsgrein.

3. gr.

Tengsl milli 81. og 82. gr. sáttmálans og innlendra samkeppnislaga

1. Ef samkeppnisfyrvöld í aðildarríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna í skilningi þess ákvæðis, skulu þau einnig beita 81. gr. sáttmálans að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir. Ef samkeppnisfyrvöld í aðildarríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna misnotkunar, sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans, skulu þau einnig beita 82. gr. sáttmálans.

2. Beiting innlendra samkeppnislaga má ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, en hamla ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, eða uppfylla skilyrði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans eða falla undir reglugerð um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir aðildarríkin geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu strangari landslögum sem banna eða beita viðurlögum við einhliða athæfi fyrirtækja.

3. Með fyrirvara um almennar meginreglur og önnur ákvæði laga Bandalagsins gilda 1. og 2. mgr. hvorki þegar samkeppnisfyrvöld og dómstólar í aðildarríkjunum beita innlendum lögum um samruna- eftirlit né heldur koma þær í veg fyrir beitingu ákvæða landslaga þar sem í meginatriðum eru ríkjandi önnur markmið en þau sem er að finna í 81. og 82. gr. sáttmálans.

II. KAFLI

VALDSVIÐ

4. gr.

Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar

Að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans skal valdsvið framkvæmdastjórnarinnar vera eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

5. gr.

Valdsvið samkeppnisfirvalda í aðildarríkjunum

Samkeppnisfirvöldum í aðildarríkjunum hafa vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans í einstökum tilvikum. Þau geta tekið eftirfarandi ákvarðanir í þessu skyni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða á grundvelli kæru:

— krafist þess að látið verði af broti,

— gefið fyrirmæli um tímabundnar ráðstafanir,

— samþykkt skuldbindingar,

— lagt á sektir og féviti eða beitt hverjum þeim viðurlögum öðrum sem kveðið er á um í landslögum þeirra.

Þeim er enn fremur heimilt að ákveða að ekki sé ástæða til aðgerða af þeirra hálfu ef skilyrðum fyrir banni er ekki fullnægt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

6. gr.

Valdsvið innlendra dómstóla

Innlendir dómstólar hafa vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans.

III. KAFLI

ÁKVARÐANIR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

7. gr.

Að uppgötva og stöðva brot

1. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli kæru eða að eigin frumkvæði, að brotið hafi verið gegn 81. eða 82. gr. sáttmálans er henni heimilt að taka ákvörðun um að krefjast þess að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti af brotinu. Í þessu skyni er henni heimilt að beita úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Heimilt er að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Ef framkvæmdastjórnin hefur af því lögmeta hagsmuni er henni enn fremur heimilt að sýna fram á að brot hafi átt sér stað áður.

2. Einstaklingum eða lögaðilum, sem geta sýnt fram á lögmeta hagsmuni, og aðildarríkjunum er heimilt að leggja fram kæru varðandi 1. mgr.

8. gr.

Tímabundnar ráðstafanir

1. Þegar skjótra aðgerða er þörf vegna hættu á að samkeppni verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða er framkvæmdastjórninni heimilt að taka ákvörðun, að eigin frumkvæði og á grundvelli þess sem virðist við fyrstu sýn vera uppgötvun brots, um að grípa til tímabundinna ráðstafana.

2. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir um tiltekinn tíma og hana má endurnýja ef slíkt er talið nauðsynlegt og viðeigandi.

9. gr.

Skuldbindingar

1. Ef framkvæmdastjórnin hyggst samþykkja ákvörðun um að brot skuli stöðvað og að hlutaðeigandi fyrirtæki taki á sig skuldbindingar til þess að draga úr þeim áhyggjum sem hún hefur látid í ljós í bráðabirgðamati sínu er henni heimilt að taka ákvörðun um að skylda fyrirtækin til að standa við þær skuldbindingar. Heimilt er að samþykkja slíka ákvörðun til tiltekins tíma og í henni skal koma fram að ekki sé lengur ástæða til aðgerða af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, að hefja málsmeðferð að nýju:

- a) ef verulegar breytingar hafa orðið á þeim málsatvikum sem liggja til grundvallar ákvörðuninni,
- b) ef hlutaðeigandi fyrirtæki efna ekki skuldbindingar sínar, eða
- c) ef ákvörðunin er byggð á ófullnægjandi, röngum eða villandi upplýsingum sem aðilarnir hafa látið í té.

10. gr.

Beiting á ekki við

Ef þess er krafist vegna almannahagsmuna í Bandalaginu, að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans, er framkvæmdastjórninni heimilt að komast að þeirri niðurstöðu, með ákvörðun að eigin frumkvæði, að 81. gr. sáttmálans gildi ekki um samning, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir annaðhvort vegna þess að skilyrði 1. mgr. 81. gr. sáttmálans hafa ekki verið uppfyllt eða vegna þess að skilyrði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans hafa verið uppfyllt.

Framkvæmdastjórnin getur á sama hátt komist að þessari niðurstöðu með vísun til 82. gr. sáttmálans.

IV. KAFLI

SAMSTARF

11. gr.

Samstarf framkvæmdarstjórnarinnar og samkeppnisfirvalda í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa með sér náð samstarf um beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal senda samkeppnisfirvöldum í aðildarríkjunum afrit af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur safnað saman vegna beitingar 7., 8., 9., 10. og 29. gr. (1. mgr.). Framkvæmdastjórnin skal, að fenginni beiðni frá samkeppnisfirvöldum í aðildarríki, leggja fram afrit af fyrirbyggjandi skjölum sem nauðsynleg teljast til að unnt sé að leggja mat á málið.
3. Samkeppnisfirvöld í aðildarríkjunum skulu, á grundvelli 81. eða 82. gr. sáttmálans, senda framkvæmdastjórninni skriflega tilkynningu fyrir fram eða strax og gerðar eru ráðstafanir til að hefja formlega rannsókn. Einnig má veita samkeppnisfirvöldum í hinum aðildarríkjunum þessar upplýsingar.
4. Samkeppnisfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um samþykkt ákvörðunar um að brot skuli stöðvað, skuldbindingar samþykktar eða fallið frá reglugerð um hópundanþágu með minnst 30 daga fyrirvara. Í þessu skyni skulu þau láta framkvæmdastjórninni í té samantekt yfir málið, fyrirhugaða ákvörðun eða, liggi hún ekki fyrir, sérhvert annað skjal sem felur í sér tillögur um aðgerðir. Einnig má veita samkeppnisfirvöldum í hinum aðildarríkjunum þessar upplýsingar. Hlutaðeigandi samkeppnisfirvöld skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, láta henni í té önnur skjöl sem þau hafa undir höndum og telja má nauðsynleg til að meta málið. Heimilt er að veita samkeppnisfirvöldum í hinum aðildarríkjunum þær upplýsingar sem framkvæmdastjórninni eru látnar í té. Innlendum samkeppnisfirvöldum er einnig heimilt að skiptast á upplýsingum sem telja má nauðsynlegar til að meta mál sem þau fjalla um skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans.
5. Samkeppnisfirvöldum í aðildarríkjunum er heimilt að hafa samráð við framkvæmdastjórnina vegna sérhvers máls sem felur í sér beitingu laga Bandalagsins.

6. Ef framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð til samþykktar á ákvörðun skv. III. þætti hafa samkeppnisyrivöld í aðildarríkjunum ekki lengur vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans. Ef samkeppnisyrivöld í aðildarríki vinna þegar að máli skal framkvæmdastjórnin því aðeins hefja málsmeðferð að haft sé samráð við innlend samkeppnisyrivöld.

12. gr.

Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyrivöld í aðildarríkjunum skulu hafa það vald, til beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans, að veita hvert öðru og nota til sönnunar hvers konar upplýsingar um staðreyndir og lagaatriði, þ.m.t. trúnaðarupplýsingar.

2. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar til sönnunar við beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans og í tengslum við það viðfangsefni sem var tilefni þess að þær voru teknar saman hjá yfirvaldinu sem sendir upplýsingarnar. Ef innlendum samkeppnislögum er hins vegar beitt í sama máli og samhlíða samkeppnislögum Bandalagsins og það leiðir ekki til annarrar niðurstöðu er einnig heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á samkvæmt þessari grein, við beitingu innlendra samkeppnislaga.

3. Einungis er heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á skv. 1. mgr., til sönnunar þegar beita á einstaklinga viðurlögum ef:

— mælt er fyrir um svipuð viðurlög í lögum yfirvaldsins, sem sendir upplýsingarnar, í tengslum við brot á 81. eða 82. gr. sáttmálans eða, ef slíkt er ekki fyrir hendi,

— upplýsingunum hefur verið safnað á þann hátt að gert sé ráð fyrir að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og kveðið er á um í lögum landsins sem tekur við upplýsingunum. Í þessu tilviki er yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum, þó ekki heimilt að nota þær upplýsingar, sem skipst er á, til að beita viðurlögum til frjálsræðissviptingar.

13. gr.

Málsmeðferð frestað eða hætt

1. Ef samkeppnisyrivöld í tveimur aðildarríkjunum eða fleiri taka við kæru eða fara fram að eigin frumkvæði skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans gegn sama samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð skal sú staðreynd að eitt yfirvald fjalli um málið nægja öðrum til þess að fresta málsmeðferð eða vísa kæru frá. Framkvæmdastjórnin getur með sama hætti vísað kæru frá á þeirri forsendu að samkeppnisyrivöld í aðildarríki fjalli um málið.

2. Ef samkeppnisyrivald í aðildarríki eða framkvæmdastjórnin fær senda kæru gegn samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð, sem annað samkeppnisyrivald hefur þegar fjallað um, er því heimilt að vísa henni frá.

14. gr.

Ráðgjafarnefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu áður en hún tekur ákvörðun skv. 7., 8., 9., 10. og 23. gr., 24. gr. (2. mgr.) og 29. gr. (1. mgr.).

2. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyrivalda í aðildarríkjunum við umfjöllun einstakra mála. Heimilt er að tilnefna viðbótarfulltrúa aðildarríkis, sem er til þess bært að fjalla um samkeppnismál, þegar fjallað er um annað á fundum en einstök mál. Í stað fulltrúa, sem geta ekki sótt fundi, geta komið aðrir fulltrúar.

3. Samráð getur farið fram á boðuðum fundi undir formennsku framkvæmdastjórnarinnar og skal hann haldinn í fyrsta lagi 14 dögum eftir að fundarboð er sent ásamt samantekt um málið, upplýsingum um mikilvægustu skjölin og drögum að ákvörðun. Að því er tekur til ákvarðana skv. 8. gr. er heimilt að halda fundinn sjö dögum eftir að framkvæmdarhluti draga að ákvörðun hefur verið sendur. Ef framkvæmdastjórnin sendir fundarboð, sem tilgreinir skemmri fyrirvara en að framan greinir, má halda fundinn á þeim degi sem lagður er til ef ekkert aðildarríki hreyfir mótmælum við því. Ráðgjafarnefndin skal leggja fram skriflegt álit á drögum framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun. Henni er heimilt að skila álitinu jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Rökstyðja skal þá afstöðu sem fram kemur í álitinu fari einn eða fleiri nefndarmanna fram á það.

4. Samráð getur einnig farið fram skriflega. Framkvæmdastjórnin skal þó boða til fundar ef aðildarríki óskar eftir því. Við skriflega málsmeðferð skal framkvæmdastjórnin ákvarða eigi skemmri frest en 14 daga til handa aðildarríkjunum til að leggja fram athugasemdir til dreifingar til hinna aðildarríkjana. Ef um er að ræða ákvarðanir sem taka skal skv. 8. gr. styttest fresturinn úr 14 dögum í sjö daga. Ef framkvæmdastjórnin ákvarðar skemmri frest vegna skriflegrar málsmeðferðar en að framan greinir skal sá frestur, sem lagður er til, gilda ef ekkert aðildarríkja hreyfir andmælum.

5. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits ráðgjafarnefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

6. Ef ráðgjafarnefndin skilar skriflegu álitinu skal það látið fylgja drögum að ákvörðun. Ef ráðgjafarnefndin mælir með því að álitinu verði birt skal framkvæmdastjórnin annast birtinguna og taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

7. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni samkeppnisfyrvalda í aðildarríki, setja á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar mál sem samkeppnisfyrvöld í aðildarríki hafa til umfjöllunar skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að gera slíkt að eigin frumkvæði. Í báðum tilvikum skal framkvæmdastjórnin tilkynna hlutaðeigandi samkeppnisfyrvöldum um það.

Einkum geta samkeppnisfyrvöld í aðildarríki lagt fram beiðni varðandi mál sem framkvæmdastjórnin telur gefa tilefni til málsmeðferðar á grundvelli 6. mgr. 11. gr.

Ráðgjafarnefndin skal ekki segja álit sitt á málum sem eru til umfjöllunar hjá samkeppnisfyrvöldum í aðildarríkjunum. Ráðgjafarnefndinni er einnig heimilt að fjalla um almenn atriði samkeppnislaga Bandalagsins.

15. gr.

Samstarf við innlenda dómstóla

1. Í málsmeðferð til beitingar á 81. eða 82. gr. sáttmálans er dómstólum í aðildarríkjunum heimilt að óska eftir því að framkvæmdastjórnin sendi þeim þær upplýsingar, sem hún hefur undir höndum, eða álit sitt á þeim álitaeftum sem varða beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni afrit af sérhverjum skriflegum úrskurði innlendra dómstóla um beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans. Sendi skal slíkt afrit án tafar eftir að aðilar hafa fengið tilkynningu um skriflegan úrskurð í heild sinni.

3. Samkeppnisfyrvöldum í aðildarríkjunum er heimilt leggja fram skriflegar athugasemdir, að eigin frumkvæði, fyrir innlenda dómstóla í eigin ríki um málefni sem varða beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans. Þeim er enn fremur heimilt, með leyfi hlutaðeigandi dómstóls, að gera athugasemdir munnlega fyrir innlendum dómstólum í eigin aðildarríki. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja, að eigin frumkvæði, skriflegar athugasemdir fyrir dómstóla í aðildarríkjunum, ef nauðsyn krefur, varðandi samræmda beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans. Henni er enn fremur heimilt að gera athugasemdir munnlega með leyfi hlutaðeigandi dómstóls.

Samkeppnisfyrvöldum í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni er heimilt, þó aðeins til undirbúnings athugasemda sinna, að fara fram á það við viðeigandi dómstól í aðildarríki að hann sendi þeim eða tryggi sendingu þeirra skjala sem teljast nauðsynleg til að meta málið.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á viðtækari valdheimildir til handa samkeppnisfyrvöldum í aðildarríkjunum samkvæmt lögum viðkomandi aðildarríkis til að skila athugasemdum til dómstóla.

16. gr.

Samræmd beiting samkeppnislaga Bandalagsins

1. Þegar innlendir dómstólar fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Þeir skulu enn fremur forðast að taka ákvarðanir sem stangast á við ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hyggst taka við málsmeðferð sem hafin er. Innlendum dómstóli er, í þessu skyni, heimilt að meta hvort ástæða sé til að fresta málsmeðferð dómstólsins. Þessi skylda hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur skv. 234. gr. sáttmálans.

2. Þegar samkeppnisfyrvöld í aðildarríkjunum fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

V. KAFLI

VALD TIL RANNSÓKNA

17. gr.

Rannsóknir á einstökum atvinnugreinum og á tegundum samninga

1. Gefi þróun viðskipta milli aðildarríkja, ósveigjanleiki í verðmyndun eða aðrar aðstæður ástæðu til að ætla að samkeppni á sameiginlega markaðnum, hafi verið takmörkuð eða henni raskað getur framkvæmdastjórnin ákveðið að gera athugun á tiltekinni atvinnugrein eða tilteknum tegundum samninga í ýmsum atvinnugreinum. Meðan á þeirri athugun stendur er framkvæmdastjórn heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að framfylgja 81. og 82. gr. sáttmálans og getur hún látið gera nauðsynlegar athuganir í því skyni.

Framkvæmdastjórninni er m.a. heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni upplýsingar um alla samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta skýrslu um niðurstöður athugana sinna á tilteknum atvinnugreinum og bjóða þeim sem hagsmunu eiga að gæta að skila inn athugasemdum.

2. Ákvæði 14., 18., 19., 20., 22., 23. og 24. gr. gilda að breyttu breytanda.

18. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Til þess að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt, með einfaldri beiðni eða ákvörðun, að fara fram á það við fyrirtæki og samtök fyrirtækja að þau veiti allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir einfalda beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafresti þeirra og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.

3. Ef framkvæmdastjórnin fer fram á það, með ákvörðun, að fyrirtæki og samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem að liggur baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafrest þeirra. Hún skal einnig skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 23. gr. og benda á eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 24. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögaðila er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, einstaklingum, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Lögfræðingum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Framkvæmdastjórnin skal senda afrit af hinni einföldu beiðni eða ákvörðun til samkeppnisyrivalda í aðildarríkinu, þar sem fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur, og til samkeppnisyrivalda í því aðildarríki sem þetta hefur áhrif á.

6. Ríkisstjórnir og samkeppnisyrivöld í aðildarríkjunum skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

19. gr.

Vald til skýrslutöku

1. Til þess að framkvæmdastjórninni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögaðila sem samþykka slík viðtöl vegna söfnunar upplýsinga er varða viðfangsefni rannsóknar.

2. Fari viðtal skv. 1. mgr. fram á athafnasvæði fyrirtækis skal framkvæmdastjórnin upplýsa samkeppnisyrivöld í aðildarríkinu, þar sem viðtalið fer fram, um það. Fari samkeppnisyrivöld í því aðildarríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að sjá um slíkt viðtal, til aðstoðar.

20. gr.

Vald framkvæmdastjórnarinnar til að gera athuganir

1. Til þess að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa vald til:

- a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land eða inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,
- b) að rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,
- c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjöllum,
- d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,
- e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita valdi sínu þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 23. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna samkeppnisyfirdömdum í aðildarríkinu, þar sem athugunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. og 24. gr., og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirdömdum í aðildarríkinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir með umboð frá eða tilnefndir af samkeppnisyfirdömdum í aðildarríkinu, þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar, aðstoða embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, með virkum hætti. Í þessu skyni skulu þeir hafa það valdsvið sem tilgreindar eru í 2. mgr.

6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun sem farið er fram á samkvæmt þessari grein skal hlutaðeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt framkvæmdarvald til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.

7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.

8. Ef sótt er um þá heimild sem um getur í 7. mgr. skulu innlend dómsmálayfirvöld hafa eftirlit með því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt, þegar þau sinna eftirlitsskyldum sínum og kanna hvort þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brotið, að biðja framkvæmdastjórnina, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyfirvalda í aðildarríkinu, um nákvæmar skýringar, t.d. á því á hverju framkvæmdastjórnin byggir grunsemdir sínar um brot á 81. og 82. gr. sáttmálans, svo og hversu alvarlegt meint brot er og á hvern hátt hlutaðeigandi fyrirtæki tengist málinu. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali framkvæmdastjórnarinnar. Einungis dómstólinn er til þess bær að fjalla um lögmati ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar.

21. gr.

Athugun á öðrum athafnasvæðum

1. Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að bókhald eða önnur viðskiptaskjöl, er varða starfsemina og viðfangsefni athugunarinnar, sem skipta máli til að sanna alvarlegt brot á 81. eða 82. gr. sáttmálans, séu geymd á öðru athafnasvæði, landsvæði eða í öðru flutningatæki, þ.m.t. á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja, getur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun um að fyrirskipa athugun á því athafnasvæði, landsvæði eða flutningatæki.

2. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið og tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og réttinn til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins. Í henni skal það einkum tilgreint sem staðfesti grunsemdir framkvæmdastjórnarinnar í skilningi 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirdömdum í aðildarríkinu þar sem athugunin verður gerð.

3. Ákvörðun, sem er samþykkt skv. 1. mgr., verður ekki komið til framkvæmda nema fyrir liggi heimild innlendra dómsmálayfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki. Innlend dómsmálayfirvöld skulu hafa eftirlit með því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar, einkum með hliðsjón af því hversu alvarlegt meint brot er, mikilvægi þeirra sannanna sem leitað er, þátttöku hlutaðeigandi fyrirtækis og því hversu líklegt má telja að bókhald og viðskiptaskjöl, er varða viðfangsefni athugunarinnar, séu geymd á því athafnasvæði sem heimildin varðar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt að biðja framkvæmdastjórnina, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisfirvalda í aðildarríkinu, um nákvæmar skýringar á þeim atriðum sem nauðsynleg teljast vegna eftirlits þeirra með því að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu í réttu hlutfalli við brot.

Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali framkvæmdastjórnarinnar. Einungis dómstólinn er til þess bær að fjalla um lögmæti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar.

4. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að gera athugun, sem er fyrirskipuð í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skulu hafa það valdsvið sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 2. mgr. 20. gr.

Ákvæði 5. og 6. mgr. 20. gr. gilda að breyttu breytanda.

22. gr.

Rannsóknir samkeppnisfirvalda í aðildarríkjunum

1. Samkeppnisfirvöldum í aðildarríki er heimilt að láta fara fram hvers konar athugun eða gagnaöflun á yfirráðasvæði sínu samkvæmt landslögum fyrir hönd og á kostnað samkeppnisfirvalda í öðru aðildarríki í því skyni að sannreyna að brot á 81. eða 82. gr. sáttmálans hafi átt sér stað. Skipti á og notkun upplýsinga, sem safnað er, skulu fara fram í samræmi við 12. gr.

2. Samkeppnisfirvöld í aðildarríkjunum geta, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, tekið að sér að gera þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 20. gr. eða á grundvelli ákvörðunar skv. 4. mgr. 20. gr. Embættismenn samkeppnisfirvalda í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á þessum athugunum, og aðrir, sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt, skulu hafa það valdsvið sem þeim er veitt í samræmi við landslög.

Embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, er heimilt að veita embættismönnum samkeppnisfirvalda í því aðildarríki, þar sem athuginin fer fram, aðstoð ef framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi yfirvald fer fram á það.

VI. KAFLI

VIÐURLÖG

23. gr.

Sektir

1. Framkvæmdastjórnin er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu næstlíðins rekstrarárs ef þau, visvitandi eða af gáleysi:

- a) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 17. gr. eða 2. mgr. 18. gr.,
- b) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,
- c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 20. gr. eða neita að fallast á athugun sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,

- d) að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við e-lið 2. mgr. 20. gr.,
- gefa rangt eða villandi svar,
 - leiðrétta ekki, innan tilskilins frests sem framkvæmdastjórnin setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið, eða
 - svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem er fyrirskipuð með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,
- e) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 20. gr.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja þegar þau, vísitandi eða af gáleysi:
- a) brjóta gegn 81. eða 82. gr. sáttmálans, eða
 - b) brjóta í bága við ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr., eða
 - c) standa ekki við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.

Fjárhæð sektar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu næstliðsins rekstrarárs fyrir hvert fyrirtæki og hver samtök fyrirtækja sem eiga þátt í brotinu.

Ef brot samtaka tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna hefur áhrif á.

3. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.

4. Ef samtök fyrirtækja eru sektuð með hliðsjón af veltu aðila að samtökunum og þau eru ekki gjaldhæf eru samtökin skuldbundin til að leita eftir framlagi frá aðilum að samtökunum til greiðslu sektarinnar.

Ef slík framlög berast samtökunum ekki innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur er henni heimilt að krefjast greiðslu sektarinnar beint frá einhverju þeirra fyrirtækja sem áttu fulltrúa í þeim stjórnum samtakanna sem hlut eiga að máli.

Þegar framkvæmdastjórnin hefur krafist greiðslu samkvæmt annarri undirgrein er henni heimilt, til að tryggja fullnádargreiðslu sektarinnar, að krefja einhvern þann aðila að samtökunum, sem er virkur á þeim markaði þar sem brotið á sér stað, um greiðslu á mismuninum.

Framkvæmdastjórninni er hins vegar óheimilt að krefja þau fyrirtæki um greiðslu samkvæmt annarri eða þriðju undirgrein sem sýna fram á að þau hafi ekki unnið eftir ákvörðun samtakanna, þar sem hvatt er til brotsins, eða var ókunnugt um þá ákvörðun eða lagst gegn henni áður en framkvæmdastjórnin hóf rannsókn málsins.

Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis vegna greiðslu sektarinnar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu þess á næstliðnu rekstrarári.

5. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr., varða ekki hegningarlög.

24. gr.

Févíti

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem nemur fjárhæð sem fer ekki yfir 5% af meðaldagsveltu næstliðsins rekstrarárs, reiknað frá þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni, í því skyni að þvinga þau til:

- a) að láta af broti á 81. eða 82. gr. sáttmálans í samræmi við ákvörðun skv. 7. gr.,

- b) að fara að ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr.,
 - c) að standa við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.,
 - d) að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur farið fram á með ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr.,
 - e) að fallast á athugun sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.
2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að knýja fram er framkvæmdastjórninni heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni. Ákvæði 4. mgr. 23. gr. gilda á hliðstæðan hátt.

VII. KAFLI

FYRNINGARFRESTUR

25. gr.

Fyrningarfrestur að því er varðar viðurlög

1. Valdsvið, sem framkvæmdastjórninni er falið skv. 23. og 24. gr., er með fyrirvara um eftirfarandi fyrningarfresti:
 - a) þrjú ár þegar um er að ræða brot á ákvæðum um upplýsingar sem krafist er eða framgang athugana,
 - b) fimm ár fyrir öll önnur brot.
2. Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.
3. Hefjist framkvæmdastjórnin eða samkeppnisyrðöld í aðildarríki handa við rannsókn eða málsmeðferð er varðar brot skal gera hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févítis. Hlé er gert á fyrningarfresti frá og með þeim degi sem a.m.k. einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina. Aðgerðir, sem valda því að gert er hlé á fyrningarfresti, eru einkum:
 - a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá framkvæmdastjórninni eða samkeppnisyrðöldum í aðildarríki,
 - b) skriflegt umboð til athugana sem framkvæmdastjórnin eða samkeppnisyrðöld í aðildarríki veita embættismönnum sínum,
 - c) upphaf málsmeðferðar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða samkeppnisyrðvalda í aðildarríki,
 - d) tilkynning um andmæli af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða samkeppnisyrðvalda í aðildarríki.
4. Hlé á fyrningarfresti gildir gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem eiga aðild að brotinu.
5. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að framkvæmdastjórnin hafi ákvarðað seita eða févíti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé var gert á fyrningu skv. 6. mgr.
6. Gera skal hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févíta á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá dómstólum.

26. gr.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga

1. Vald framkvæmdastjórnarinnar til fullnustu ákvarðana skv. 23. og 24. gr. er með fyrirvara um fyrningarfrest til fimm ára.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem lokaákvörðun er tekin í málinu.
3. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga þegar:
 - a) tilkynnt er um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,
 - b) framkvæmdastjórnin eða aðildarríki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslu á sekt eða févíti.
4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.
5. Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:
 - a) greiðslufrestur er veittur,
 - b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun dómstólsins.

VIII. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF OG ÞAGNARSKYLDA

27. gr.

Skýrslugjöf málsaðila, kæranda og annarra

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun, eins og kveðið er á um í 7., 8. og 23. gr. og 24. gr. (2. mgr.), skal hún veita hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, sem málsmeðferð hennar varðar, tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í málum sem hún hefur andmælt. Framkvæmdastjórnin skal einungis byggja ákvarðanir sínar á andmælum sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Kærendur skulu hafa náin tengsl við málsmeðferðina.
2. Réttur hlutaðeigandi til varnar skal virtur að fullu í málinu. Þeir skulu hafa rétt til aðgangs að málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga og innanhússkjala framkvæmdastjórnarinnar eða samkeppnisyrvalda í aðildarríkjunum. Réttur til aðgangs nær t.a.m. ekki til bréfaskipta framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyrvalda í aðildarríkjunum eða innbyrðis milli samkeppnisyrvalda, þ.m.t. skjöl samin skv. 11. og 14. gr. Ekkert í þessari málsgrein kemur í veg fyrir að framkvæmdastjórnin veiti og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot.
3. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila telji hún ástæðu til þess. Verða skal við umsóknum þessara einstaklinga og lögaðila um skýrslugjöf geti þeir sýnt fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta. Samkeppnisyrvöld í aðildarríkjunum geta einnig farið fram á það við framkvæmdastjórnina að aðrir einstaklingar eða lögaðilar fái að gefa skýrslu.
4. Ef framkvæmdastjórnin hyggst samþykkja ákvörðun skv. 9. eða 10. gr. skal hún birta gagnorða samantekt um málið og megininntak skuldbindinga eða fyrirhugaðra aðgerða. Þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, er heimilt að leggja fram athugasemdir sínar innan frests sem framkvæmdastjórnin setur og skal hann við birtingu vera minnst einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

28. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 12. og 15. gr. skulu upplýsingar, sem aflað er skv. 17. til 22. gr., einungis notaðar í þeim tilgangi sem lá að baki öflun þeirra.

2. Með fyrirvara um upplýsingaskipti og notkun upplýsinga, sem gert er ráð fyrir í 11., 12., 14., 15. og 27. gr., skulu framkvæmdastjórnin og samkeppnisyrivöld í aðildarríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum, ekki veita þær upplýsingar, sem farið er fram á, eða skiptast á þeim upplýsingum skv. þessari reglugerð né heldur þær upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Þessi skylda tekur einnig til allra fulltrúa og sérfræðinga aðildarríkjanna sem sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar skv. 14. gr.

IX. KAFLI

UNDANÞÁGUREGLUGERÐIR

29. gr.

Niðurfelling í einstökum tilvikum

1. Ef framkvæmdastjórnin fær það vald með reglugerð ráðsins, t.d. reglugerð 19/65/EBE, reglugerð (EBE) nr. 2821/71, reglugerð (EBE) nr. 3976/87, reglugerð (EBE) nr. 1534/91 eða reglugerð (EBE) nr. 479/92, að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans að því er varðar tiltekna flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða er henni heimilt, að eigin frumkvæði eða á grundvelli kæru, að fella niður ávinning af slíkri undanþágureglugerð ef hún kemst að því að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð, sem undanþágureglugerðin á við um, hafi í einhverju tilviki leitt til tiltekinna áhrifa sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. Ef samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir, sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. mgr. á við um, hafa þau áhrif í einhverju tilviki að samrýmist ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess, sem ber öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar, er samkeppnisyrivöldum í því aðildarríki heimilt að afturkalla ávinning af viðkomandi reglu að því er þetta yfirráðasvæði varðar.

X. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

30. gr.

Birting ákvarðana

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 7. til 10. gr. og 23. og 24. gr.

2. Við birtingu skulu koma fram nöfn málsaðila og megininntak ákvörðunarinnar, þ.m.t. hvaða viðurlögum er beitt. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

31. gr.

Endurskoðun dómstólsins

Dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu til að fjalla um lögmæti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða févítí. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févítí og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

32. gr.

Undantekningar

Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) alþjóðlega þjónustu með leiguskip eins og skilgreint er í a-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86,
- b) sjóflutningaþjónustu milli hafna í einu og sama aðildarríkinu eingöngu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86,
- c) flutninga í lofti milli flugvalla í Bandalaginu og þriðju landa.

33. gr.

Frankvæmdarákvæði

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að beita þessari reglugerð. Þær ráðstafanir geta m.a. tekið til:

- a) framsetningar, efnis og annarra atriða kæra sem eru lagðar fram skv. 7. gr. og þeirrar málsmeðferðar sem lýtur að frávisun kæra,
- b) hagnýtrar tilhögunar á upplýsingaskiptum og samráði sem kveðið er á um í 11. gr.,
- c) hagnýtrar tilhögunar við skýrslugjöf sem kveðið er á um í 27. gr.

2. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanir skv. 1. mgr. skal hún birta drög að þeim og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila inn athugasemdum sínum innan þess frests sem settur er og skal hann ekki vera skemmri en einn mánuður. Áður en framkvæmdastjórnin birtir drög að ráðstöfunum og samþykkir þær skal hún hafa samráð við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðstöðu.

XI. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA-, BREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Umsóknir til framkvæmdastjórnarinnar skv. 2. gr. reglugerðar nr. 17, tilkynningar skv. 4. og 5. gr. þeirrar reglugerðar og samsvarandi umsóknir og tilkynningar skv. reglugerð (EBE) nr. 1017/68, reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og reglugerð (EBE) nr. 3975/87 falla úr gildi frá þeim degi sem beiting þessarar reglugerðar hefst.

2. Ráðstafanir tengdar málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt reglugerð nr. 17 og reglugerð (EBE) nr. 1017/68, reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og reglugerð (EBE) nr. 3975/87, gilda áfram að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.

35. gr.

Tilnefning samkeppnisfirvalda í aðildarríkjum

1. Aðildarríkin skulu tilnefna samkeppnisfirvöld eða önnur yfirvöld sem annast skulu beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans með þeim hætti að farið sé með skilvirkum hætti að ákvæðum þessarar reglugerðar. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að veita þessum yfirvöldum vald til að beita þessum greinum fyrir 1. maí 2004. Tilnefnd yfirvöld geta einnig verið dómstólar.

2. Ef innlend stjórnvöld og dómsmálayfirvöld hafa umboð til að annast framkvæmd samkeppnislaga Bandalagsins er aðildarríkjunum heimilt að fá mismunandi landsyfirvöldum, hvort sem um er að ræða stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld, ólíkt valdsvið og hlutverk.

3. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná til yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna, þ.m.t. dómstólar sem hafa hlutverki að gegna við undirbúning og samþykkt þeirra tegunda ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná ekki til dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar að því er varðar þær tegundir ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr.

4. Ef yfirvald fer með mál, vegna samþykktar á tilteknum tegundum ákvarðana sem greint er frá í 5. gr., fyrir dómsmálayfirvöld í aðildarríki, önnur en til saksóknara, og að því tilskildu að farið sé að skilmálum þessarar málsgreinar, skulu áhrif 6. mgr. 11. gr., þrátt fyrir 3. mgr., einungis ná til þess yfirvalds sem sækir málið og skal það yfirvald draga kröfu sína fyrir dómsmálayfirvaldinu til baka ef framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð og afturköllun málsins verður til þess að unnt er að ljúka innlendri málsmeðferð með árangursríkum hætti.

36. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 1017/68

Reglugerð (EBE) nr. 1017/68 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. gr. séu felld úr gildi.
2. Í stað orðanna „Það bann sem mælt er fyrir um í 2. gr.“ í 1. mgr. 3. gr. komi „Bannið í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans“.
3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr.:
 - a) í stað orðanna „Samningar þeir, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem um getur í 2. gr.“ í 1. mgr. komi „Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir skv. 1. mgr. 81. gr. sáttmálans“,
 - b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef framkvæmd samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar, sem fellur undir 1. mgr., hefur í tilteknu tilviki áhrif sem samrýmast ekki kröfum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sjái til þess að þau áhrif verði að engu.“
4. Ákvæði 5. til 29. gr. séu felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 13. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.
5. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. falli brott.

37. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 2988/74

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (EBE) nr. 2988/74:

„7. gr. a

Undantekning

Þessi reglugerð tekur ekki til ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (*).

(* Sjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.“

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 4056/86

Reglugerð (EBE) nr. 4056/86 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 7. gr.:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Brot á skuldbindingu

Þegar hlutaðeigandi aðilar uppfylla ekki skuldbindingu sem, skv. 5. gr., er skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í 3. gr. getur framkvæmdastjórnin, í því skyni að binda enda á brotið og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ^(¹), samþykkt ákvörðun, þar sem þeim eru annaðhvort bannaðar tiltekna athafnir eða þeir skyldaðir til þeirra, eða afturkallað hópundanþágu sem þeir nutu.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.“

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr.:

i) Í stað orðanna „í samræmi við skilmálanna sem mælt er fyrir um í II. þætti“ í a-lið komi „í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1/2003“.

ii) Í stað annars málsliðar annarrar undirgreinar í i-lið c-liðar komi eftirfarandi:

„Jafnframt skal hún úrskurða, í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, hvort samþykkja eigi skuldbindingar sem hlutaðeigandi fyrirtæki bjóða með hliðsjón m.a. af því að hleypa að markaðnum skipafélögum sem standa utan samsiglingakerfisins.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 8. gr.:

a) 1. mgr. falli brott.

b) Í stað orðanna „samkvæmt 10. gr.“ í 2. mgr. komi „samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003“.

c) 3. mgr. falli brott.

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. gr.:

a) Í stað orðanna „ráðgjafarnefndinni sem um getur í 15. gr.“ í 1. mgr. komi „ráðgjafarnefndinni sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.

b) Í stað orðanna „ráðgjafarnefndina sem um getur í 15. gr.“ í 2. mgr. komi „ráðgjafarnefndina sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.

4. Ákvæði 10. til 25. gr. séu felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 13. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 81. gr. sáttmálans fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

5. Orðin „framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur samkvæmt 10. gr., umsóknir samkvæmt 12. gr. og skýrslugjöf samkvæmt 1. og 2. mgr. 23. gr.“ í 26. gr. falli brott.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 3975/87

Ákvæði 3. til 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 eru felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 6. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 81. gr. sáttmálans fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

40. gr.

Breyting á reglugerðum nr. 19/65/EBE, EBE nr. 2821/71 og EBE nr. 1534/91

Ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE, 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71 og 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1534/91 eru felld úr gildi.

41. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 3976/87

Reglugerð (EBE) nr. 3976/87 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 6. gr.:

„6. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (*) áður en hún birtir drög að reglugerð og áður en hún samþykkir reglugerð.

(*) Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.“

2. Ákvæði 7. gr. séu felld úr gildi.

42. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 479/92

Reglugerð (EBE) nr. 479/92 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 5. gr.:

„5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (*) áður en hún birtir drög að reglugerð og áður en hún samþykkir reglugerð.

(*) Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.“

2. Ákvæði 6. gr. séu felld úr gildi.

43. gr.

Niðurfelling reglugerða nr. 17 og nr. 141

1. Reglugerð nr. 17 er felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 8. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 81. gr. sáttmálans fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

2. Reglugerð nr. 141 er felld úr gildi.

3. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar reglugerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð.

44. gr.

Skýrsla um beitingu þessarar reglugerðar

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem beiting þessarar reglugerðar hefst skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum um beitingu 6. mgr. 11. gr. og 17. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta, á grundvelli þessarar skýrslu, hvort rétt sé að leggja það til við ráðið að þessi reglugerð verði endurskoðuð.

45. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún öðlast gildi frá 1. maí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHER BOEL

forseti.